

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 137/2002

frá 27. september 2002

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2001 frá 13. júlí 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1105/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 að því er varðar samráð um fargjöld og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð (EBE) nr. 1617/93 ⁽³⁾ var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1324/2001 ⁽⁴⁾ til að framlengja heildarundanþáguna vegna samráðs um fargjöld til 30. júní 2002 og heildarundanþáguna vegna úthlutunar afgreiðslutíma og flugvallaráætlunar til 30. júní 2004. Þar sem heildarundanþágan vegna samráðs um fargjöld féll úr gildi 30. júní 2002 gildir þessi ákvörðun frá 1. júlí 2002.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 11b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93) í XIV. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 1105:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1105/2002 frá 25. júní 2002 (Stjtið. EB L 167, 26.6.2001, bls. 6).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 251, 20.9.2001, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 20.9.2001, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 167, 26.6.2002, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 155, 26.6.1993, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 177, 30.6.2001, bls. 56.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1105/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. júlí 2002.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Gunnar Snorri Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

